

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 31. desember 2002 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppfléttingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins og tekur gildi 31. desember 2003.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 907 frá 18. desember 2002.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. desember 2003.*

F. h. r.

**Þórhallur Arason.**

*Hafsteinn S. Hafsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 841/2002 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

1. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. kemur í stað 50% hlutfallið 40%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr., sbr. b-lið 1. mgr., 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. desember 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*